

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 139/2009

frá 4. desember 2009

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og  
vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2006 frá 10. mars 2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/108/EB frá 3. febrúar 2009 um breytingu á ákvörðun 2002/364/EB um sameiginlegar tækniforskriftir fyrir lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 3. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/364/EB) í XXX. kafla II. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32009 D 0108:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/108/EB frá 3. febrúar 2009 (Stjtið. ESB L 39, 10.2.2009, bls. 34).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/108/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 147, 1.6.2006, bls. 48, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 28, 1.6.2006, bls. 17.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 39, 10.2.2009, bls. 34.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***O.H. Sletnes***  
formaður.